



## 527 milljón kr. hagnaður TM á 3. ársfjórðungi 2014

Reykjavík, 29. október 2014

Á stjórnarfundi þann 29. október 2014 samþykkti stjórn og forstjóri TM þriðja árshlutauppgjör félagsins fyrir árið 2014. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

### Helstu tölur frá þriðja ársfjórðungi voru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður tímabilsins var **527 m.kr.** og hagnaður á hlut var **0,70 kr.** (3F 2013: 714 m.kr. og 0,94 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **630 m.kr.** (3F 2013: 758 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var **146 m.kr.** (3F 2013: 42 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **612 m.kr.** (3F 2013: 785 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **2,4%** (3F 2013: 3,2%)
- Samsett hlutfall var **95,0%** (3F 2013: 98,6%)
- Bókfærð iðgjöld jukust um **15,6%** á milli ára
- Eigin iðgjöld drógust saman um **3,4%** á milli ára
- Eigin tjón lækkuðu um **9,5%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður hækkaði um **4,2%** á milli ára
- Arðsemi eigin fjár tímabilsins á ársgrunni var **18,8%** (3F 2013: 26,3%)
- Handbært fé frá rekstri var **-45 m.kr.** (3F 2013: 578 m.kr.)

### Helstu tölur janúar - september 2014 voru eftirfarandi:

- Heildarhagnaður tímabilsins var **1.541 m.kr.** og hagnaður á hlut var **2,04 kr.** (Jan-sep 2013: 1.905 m.kr. og 2,50 kr.)
- Hagnaður fyrir skatta var **1.731 m.kr.** (Jan-sep 2013: 2.147 m.kr.)
- Framlegð af váttryggingastarfsemi var **332 m.kr.** (Jan-sep 2013: 868 m.kr.)
- Fjárfestingatekjur voru **1.665 m.kr.** (Jan-sep 2013: 1.585 m.kr.) og ávöxtun fjárfestingaeigna var **6,6%** (Jan-sep 2013: 6,8%)
- Samsett hlutfall var **96,1%** (Jan-sep 2013: 90,0%)
- Bókfærð iðgjöld drógust saman um **4,2%** á milli ára
- Eigin iðgjöld drógust saman um **3,0%** á milli ára
- Eigin tjón hækkuðu um **5,1%** á milli ára
- Rekstrarkostnaður lækkaði um **2,6%** á milli ára
- Eiginfjárhlutfall í lok 3.ársfjórðungs var **37,7%**
- Eigið fé var **12.062 m. kr.** og arðsemi eigin fjár tímabilsins á ársgrunni var **17,3%** (Jan-sep 2013: 23,4%)
- Handbært fé frá rekstri var **1.196 m.kr.** (Jan-sep 2013: 2.209 m.kr.)

### Sigurður Viðarsson, forstjóri TM:

„Ég er mjög sáttur við niðurstöðu fjórðungsins. Samsett hlutfall var 95% þrátt fyrir að mikill kostnaður félli til vegna stórbrunans í Skeifunni 11 en handbært fé frá rekstri var neikvætt á tímabilinu vegna hans. Við erum einnig að sjá mikilvægar vísbendingar um vöxt á tímabilinu þar sem tæplega 16% hækkun varð á bókfærðum iðgjöldum milli ára. Sá vöxtur er drifinn áfram af váttryggingastarfsemi okkar erlendis og skýrir hann hækkun rekstrarkostnaðar milli ára á þriðja ársfjórðungi. Váttryggingastarfsemin erlendis gengur vel og er hlutdeild hennar í eigin iðgjöldum félagsins nú orðin um 11%. Afkoma af

*erlendum viðskiptum er á sama tíma góð sem bendir til þess að sú stefna sem við höfum markað okkur í áhættutöku (e. underwriting) sé skynsamleg.*

*Ávöxtun helstu eignaflokka er sem fyrr góð í samanburði við helstu viðmið. Ávöxtun eignasafns félagsins á fjórðungnum var 2,4% eða sem nemur 9,8% á ársgrundvelli. Góð ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa og hlutabréfaeigna skýra góða afkomu fjórðungsins auk þess sem gjaldeyrismunur var jákvæður”.*

## **Kynningarfundur**

TM býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi þann 30. október kl. 8:30. Fundurinn fer fram í höfuðstöðvum TM að Síðumúla 24. 4. hæð. Þar mun Sigurður Viðarsson forstjóri kynna uppgjörð og svara spurningum.

Einnig verður hægt að fylgjast með fundinum á slóðinni:

<https://global.gotomeeting.com/join/670352261>

## **Nánari upplýsingar**

Sigurður Viðarsson forstjóri s: 515-2609

[sigurdur@tm.is](mailto:sigurdur@tm.is)